

34. gr.

Um fjármörk og merkingar á búfé fer að öðru leyti eftir IX. kafla laga nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og reglugerð um mörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 224 28. apríl 1987.

IX. kafli

**Almenn ákvæði.**

35. gr.

Héraðsnefnd sker úr öllum ágreiningi sveitar- eða fjallskilastjórna út af fjallskilamálum. Enn fremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík mál fyrir héraðsnefnd og úrskurð hennar.

36. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilareglugerð fyrir Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað nr. 229 27. maí 1975.

*Landbúnaðarráðuneytið, 12. júlí 1989.*

**Steingrímur J. Sigfússon.**

\_\_\_\_\_  
*Jón Höskuldsson.*

18. júlí 1989

Nr. 367

## AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og þjónustusvæðis í Molduhrauni í Garðabæ.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Garðabæjar hefur skipulagsstjórn ríkisins hinn 17. maí 1989, sbr. 3. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, fallist á og staðfest þá breytingu á áður staðfestu deiliskipulagi iðnaðar- og þjónustuhverfis í Molduhrauni í Garðabæ 16. september 1988, að við skilmála dags. 22. mars 1988 verði bætt, að skipulagsnefnd Garðabæjar sé heimilt að fengnum tillögum skipulagsarkitekta að hnika til mörkum lóða, sem enn hefur ekki verið úthlutað á svæðinu.

*Félagsmálaráðuneytið, 18. júlí 1989.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Hólfríður Snæbjörnsdóttir.*